

5. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og heimilt er að gera afla og veiðarfæri upptæk til ríkissjóðs. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og öðlast gildi 1. janúar 1975 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. nóvember 1974.

Matthías Bjarnason.

Dórður Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

fyrir bændaskólana á Hólum og Hvanneyri og fyrir framhaldsnám í búfræði á Hvanneyri.

A. BÚFRÆÐINÁM

I. KAFLI

Hlutverk bændaskólanna, skipulag og stjórn þeirra.

1. gr.

Tilgangur skólanna er að veita bændaeftum hagnýta þekkingu í búrekstri.

2. gr.

Á skólajörðunum skulu rekin kennslu- og tilraunabú. Þar skulu gerðar tilraunir og athuganir í þágu landbúnaðarins.

3. gr.

Skólarnir heyra undir landbúnaðarráðuneytið, landbúnaðarráðherra hefur í hendi yfirstjórn þeirra og skólabúanna.

4. gr.

Ráðherra getur, eftir tillögum skólastjóra bændaskólanna, ákveðið verkaskiptingu milli skólanna í einstökum greinum, svo og ákveðið um eitt ár í senn, að einungis önnur deild þeirra starfi.

5. gr.

Heimilt er í samráði við landbúnaðarráðuneytið að halda námskeið á vegum bændaskólanna fyrir bændur og bændaefti, svo og fyrir aðra, sem starfa á sviði landbúnaðarins. Námskeið þessi séu til hvatningar og fræðslu.

6. gr.

Skólarnir starfa í tveimur deildum, undirbúningsdeild og bændadeild. Heimilt er skólastjóra að skipta hverjum námsvetri í 2 námsannir. **Skólasetning skal fara fram eigi síðar en 15. október. Jólaleyfi er frá 21. desember til 4. janúar að báðum**

dögum meðtöldum. Heimilt er að fella niður kennslu allt að einum degi í mánuði eða lengja jólaleyfi allt að því, sem þessu nemur. Heimilt er að hafa 7 daga páskafrí. Skólaslit fari fram ekki síðar en 15. maí.

Heimilt er að hafa námskeið í verklegum greinum allt að hálfum mánuði á ári utan hins venjulega skólatíma.

7. gr.

Vanræki nemandi nám, mæti ekki í kennslustundir eða til verklegs náms eða brjóti reglur skólans, ber skólastjóra að áminna hann. Ef það ber ekki árangur, skal honum vísað úr skóla.

II. KAFLI

Skólastjórar, kennarar, störf þeirra og launakjör.

8. gr.

Við hvorn skóla skulu vera í það minnsta sex starfsmenn miðað við fullt skóla-starf. Þeir eru skólastjóri og fimm kennarar og er einn þeirra yfirkennari, sem fer með störf skólastjóra við búnaðarskólann í forföllum og fjarveru hans, eftir nánari ákvörðun skólastjórans. Starfsmenn þessir skulu hafa kandidatspróf í búfræði eða hliðstæða menntun. Ef sérstakur kennari er ráðinn til kennslu í almennum námsgreinum, smíðum og leikfimi, skal gera til hans sömu menntunarkröfur og kennara við skóla gagnfræðastigsins.

Kennari í vélfræði, meðferð og hirðingu búvéla, skal hafa lokið prófi í þeim greinum eða hlotið á annan hátt þá þekkingu og starfsþjálfun, sem skólastjóri og ráðherra telja fullnægjandi.

Þeir menn, er lokið hafa námskeiði í kennslutækni til viðbótar kandidatsprófi í búfræði, skulu að öðru jöfnu ganga fyrir í þessi störf. Ráðherra skipar skólastjóra. Hann skipar einnig yfirkennara og kennara að fengnum tillögum skólastjóra. Aukakennara ræður skólastjóri.

9. gr.

Launakjör skólastjóra og kennara skulu vera samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins.

Fyrir bústjórn skulu greidd sérstök laun samkvæmt samningi, er ráðherra staðfestir.

Skólastjóri skipuleggur kennsluna og störf, sem kennurum eru falin. Honum ber að halda kennarafundi, þegar hann telur ástæðu til eða þegar meiri hluti kennara óskar þess. Á þessum fundum skulu skólastjóri og kennarar ræða framkvæmd kennslunnar og annað, sem við kemur starfsemi stofnunarinnar. Skólastjóri skal fylgjast með störfum kennaranna og námi nemenda. Honum er heimilt að fela kennurum eftirlit með nemendum.

Skólastjóri sér um eignir stofnunarinnar og reikningshald. Reikningarnir skulu gerðir upp um áramótin og þeim skilað til Stjórnarráðsins. Skýrsla um skólann skal birt annað hvert ár.

Skólastjóri sjái um, að nemendur geti haft sameiginlegt mötuneyti, en ella selji skólinn nemendum fæði og þjónustu við kostnaðarverði.

10. gr.

Kennurum ber að gegna öllum störfum sínum með áhuga og samviskusemi gagnvart nemendum og stofnuninni í heild.

Hafi kennari ekki fulla kennslu þann tíma, sem skólinn starfar, ber honum að vinna störf í þágu stofnunarinnar í þess stað, t. d. eftirlit með nemendum, í bóka-

safni, við tilraunir og rannsóknir, við viðhald á húsbúnaði og húsum skólans svo og á viðhaldi á vélum og tækjum skóla og skólabús.

Á sama hátt ber kennurum að vinna að ofangreindum störfum þótt skóla sé slítið, þar til starfstími þeirra hvert ár er orðinn 9 mánuðir. Heimilt er þó skólastjóra, að höfðu samráði við ráðherra að haga ráðningu starfsmanna á annan hátt. Um daglegan vinnutíma, skal miðað við ákvæði kjarasamninga.

III. KAFLI

Inntaka og inntökuskilyrði.

11. gr.

Skrifleg beiðni um upptöku í skólann skal senda skólastjóra fyrir lok ágúst-mánaðar hvert ár. Skólastjóri veitir inntöku í skólann og svarar umsækjendum.

12. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í skólann eru þessi:

- að umsækjandi sé fullra 17 ára, þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með.
- að hann hafi unnið minnst eitt ár við landbúnaðarstörf eftir fermingu, þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, enda mæli sérstakar ástæður með.
- að hann hafi óflekkað mannorð og sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi.
- Heimilt er að taka nemendur inn í bændadeild skólans, ef þeir að dómi skólastjóra hafa aflað sér bóklegar þekkingar, er samsvari a. m. k. námi undirbúningsdeildar. Skulu þeir ganga undir próf í þeim námsgreinum undirbúningsdeildar, sem skólastjóri ákveður.

IV. KAFLI

Námsefni og próf.

13. gr.

Námsefni undirbúningsdeildar skal sem næst svara til námsefnis gagnfræðastigsins í eftirtöldum námsgreinum.

Íslensku, stærðfræði, grasufræði, eðlisfræði, dönsku (ensku) og bókfærslu. Þá skulu einnig kenndar búsmíðar í undirbúningsdeild, teljast þær ein einkunn. Eina einkunn skal gefa fyrir stærðfræði, íslensku, grasufræði og eðlisfræði. Hálf einkunn skal gefa fyrir dönsku (ensku) og bókfærslu.

14. gr.

Námsefni, sem lagt er til grundvallar í námi bændadeildar, er skipt í námsgreinahópa. Hverjum námsgreinahóp er síðan skipt í námsgreinar. Kennsluefni í einstökum námsgreinum skal hagað samkvæmt námsskrá, sem skal liggja fyrir í byrjun hvers skólaárs.

Námsefni skiptist í námssvið, sem hér segir, og skulu vægi þeirra á brottfararprófi vera innan neðangreindra marka:

	bókleg	Vægi verklegr	samtals
A. Líffræði: (Líffærifræði jurta og dýra, lífeðlisfræði jurta og dýra, gerlafræði, erfðfræði og efnafræði)	3—4	1	4—5
B. Búfjarrækt: (Fóðurfræði, kynbótafræði, sköpulag búfjár og			

	bókleg	Vægi verkleg	samtals
dómar, tamningar, almenn búfjárfræði, mjólkurfræði, vélrúningur og mjaltir)	4—5	2—3	6—8
C. Bústjórn: (Bókfærsla og búreikningar, búnaðarstefnur og saga, rekstrarhagfræði og vinnufræði, þjóðhagfræði og þjóðfélagsfræði, búnaðarlöggjöf)	3—4	1—2	4—6
D. Bútækni: (Vélfræði, verkfærafræði, byggingafræði og heyverkun)	3—4	2—3	5—7
E. Jarðrækt: (Jarðfræði, jarðvegsfræði, áburðarfræði, jarðvinnsla, vatnsmiðlun, nytjajurtir, nýrækt, veðurfræði)	5—6	1—2	6—8
F. Umhverfismál og hlunnindi: (Fiskeldi, fiskirækt og hlunnindi, ferðamál, náttúruvernd og mengun)	0—2		0—2
Tengja skal saman, eftir því sem kostur er á, hina bóklegu og verklegu þætti námsins.			

15. gr.

Kennarar prófa hver í sinni námsgrein og ákveða í samráði við skólustjóra hver úrlausnarefni skuli vera og hver verkleg, og einnig hvort próf skuli vera munnlegt, skriflegt eða hvort tveggja.

16. gr.

Eina samræmda einkunn skal gefa fyrir árangur nemenda á hverju námssviði sbr. 14. gr. Reikna skal sérstaka meðaltalseinkunn fyrir námsárangur í undirbúningsdeild.

Vægi námssviðs og einstakra námsgreina miðast við starfstíma skólanna, og skal eitt vægi svara til stundafjöldi einnar starfsviku.

17. gr.

Gefa skal einkunn í hverri deild fyrir ástundun eftir reglum, sem ráðherra setur að fengnum tillögum skólustjóra. Við búfræðipróf telst einkunn fyrir ástundun sem 1 vægi og við próf í undirbúningsdeild sem hálf einkunn.

18. gr.

Einkunnir skal gefa í heilum tölum frá 1 til 10. Þó skal gefa einkunnina 0 fyrir mjög lélega frammistöðu.

19. gr.

Við skriflegt próf skal ætla nemendum 2—4 stundir til úrlausnar verkefna eftir ákvörðun skólustjóra. Noti nemandinn óleyfileg hjálpargögn, veiti eða þiggi hjálp, hefur hann fyrirgert rétti sínum til prófs í það sinn.

Nú getur nemandi ekki gengið undir próf sökum veikinda eða annarra gildra forfalla, og getur þá skólustjóri leyft honum að ljúka prófi á öðrum tíma. Geti nemandi ekki stundað íþróttir sakir vanheilsu, eða af öðrum gildum orsökum, getur skólustjóri veitt undanþágu frá prófi í þeirri grein. Einkunn fyrir íþróttir telst 1 vægi á búfræðiprófi.

20. gr.

Til að nemandi standist burtfararpróf, eða próf úr einstökum deildum, skal hann hljóta að minnsta kosti 5.0 í vegið meðaltal allra námssviða og lágmarks-einkunn á hverju sviði að minnsta kosti 3.0. Fáir nemandi einkunn 0 á einhverju sviði útilokar það burtfararpróf. Heimilt er að endurtaka próf einu sinni ef nem-

andi fær undir lágmarkseinkunn á allt að 2 sviðum enda sé vegin meðaltalseinkunn hans að minnsta kosti 5.0. Endurtaka prófa fer fram í byrjun næsta skólaárs. Við meðaltalsútreikning gildir þó áfram fyrri einkunn á námssviðum.

Meðaltalseinkunnir	9.0—10.0	teljast	I. ágætiseinkunn
—	7.3—8.9	—	I. einkunn
—	6.0—7.2	—	II. —
—	5.0—5.9	—	III. —

21. gr.

Að afloknu búfræðiprófi skal afhenda nemendum, sem standast prófin, prófskirteini með árituðum einkunnum og fjölda vægja á einstökum sviðum.

Þeir einir, sem lokið hafa prófi í búfræði eða hliðstæðu prófi frá búnaðarskólum erlendis, hafa rétt til þess að bera starfsheitið búfræðingur.

V. KAFLI

Stofn- og rekstrarkostnaður o. fl.

22. gr.

Stofnkostnaður við að gera skólana og skólabúin svo úr garði, að þau geti sem best gegnt hlutverki sínu, samkvæmt lögum og reglugerð, svo og rekstrarkostnaður skólanna, greiðist úr ríkissjóði. Verði rekstrarhalli á skólabúunum skal hann greiðast úr ríkissjóði.

B. FRAMHALDSNÁM Í BÚFRÆÐI AÐ HVANNEYRI

Um Búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri og stjórn hennar.

23. gr.

Við Bændaskólann á Hvanneyri skal vera deild fyrir framhaldsnám í búfræði. Heiti hennar er Búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri.

Hlutverk hennar er:

1. Að veita hagnýta og fræðilega menntun í búvísindum og undirstöðugreinum þeirra. Skal kennslan einkum miðuð við það, að nemendur geti orðið virkir leiðbeinendur og tekið að sér trúnaðarstöður í þágu bændastéttarinnar, svo sem störf ráðunauta, kennslu við bændaskóla og tilraunastörf o. fl.
2. Að vinna að rannsóknum á sviði landbúnaðarins.

24. gr.

Skólastjóri hefur á hendi umsjón og stjórn búvísindadeildar og annast reikningsfærslu hennar. Skulu reikningar sendir ráðuneytinu á sama hátt og reikningar bændaskólans. Skýrsla um deildina skal birt með skýrslu bændaskólans.

25. gr.

Námstíminn er þrjú vetur. Hefst hann hvern vetur síðari hluta september. Við það skal miðað, að árlegur kennslutími sé minnst 30 vikur.

Auk þess er heimilt, þá er nám stendur, að nota tvívegis allt að einum mánuði að sumri í verklegt nám, svo sem mælingar, tilraunastörf, náttúruskoðun o. fl.

26. gr.

Jólaleyfi skal vera frá 21. desember til 4. janúar, að báðum dögum meðtöldum, og páskafrí allt að 7 dagar.

27. gr.

Vanræki nemandi nám, eða brjóti reglur skólans, ber skólastjóra að áminna hann. Ef það ber ekki árangur, skal honum vísað úr skóla.

28. gr.

Ráðherra skipar yfirkennara og fasta kennara við Búvisindadeild að fengnum tillögum skólastjóra. Þeir einir geta orðið kennarar við deildina, sem eftir kandidatspróf hafa lagt stund á sérnám í þeim aðalgreinum, sem þeim er ætlað að kenna.

Inntökuskilyrði.

29. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í deildina eru þessi:

- a. Að umsækjandi sé búfræðingur og hafi hlotið 1. einkunn við búfræðipróf.
- b. Að umsækjandi hafi stúdentspróf eða próf frá undirbúnings- og raungreina-deildum Tækniskóla Íslands.
- c. Að hann sé fullra 19 ára.
- d. Að hann hafi óflekkað mannorð og sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi.

30. gr.

Skrifleg beiðni um inntöku skal berast skólastjóra fyrir lok júnímánaðar ár hvert.

Námsefni og próf.

31. gr.

Kennsla fari fram í fyrirlesturum, umræðuhópum, æfingatímum og yfirheyrslum eftir því sem kennarar ákveða. Skal jafnan kostað kapps um að fá þá kennslukrafta, sem bestir eru fánlegir í hverri grein.

32. gr.

Námsgreinum skal gefa vægi við einkunnagjöf og mat námsefnis og svarar eitt vægi til einnar viku vinnu í námi.

Námsefninu er skipt í eftirfarandi námssvið:

a. Undirstöðugreinar	35—40 vægi
b. Búfjárræktarsvið	10—25 —
c. Jarðræktarsvið	10—25 —
d. Hagfræðisvið	6—15 —
e. Bútæknisvið	6—15 —
f. Aðalverkefni	6 —

Vægi einstakra námsgreina skal tilkynnt í námsskrá, er skal liggja fyrir við byrjun hvers skólaárs.

33. gr.

Nemendur þurfa 90 vægi hið minnsta til að ljúka prófi.

Námsskrá skal meta með námsverkefnum og/eða prófum.

Próf geta verið munnleg eða skrifleg.

Námsskrá skal liggja fyrir við byrjun hvers skólaárs. Í námsskrá skal tilgreint námsefni og skipting þess í námssvið, vægi einstakra námsgreina og hvernig námsskrá er byggð á byrjun hvers skólaárs. Í námsskrá skal tilgreint námsefni og skipting þess í námssvið, vægi einstakra námsgreina og hvernig námsskrá er byggð á byrjun hvers skólaárs.

34. gr.

Við skriflegt próf skal ætla 2—4 stundir til úrlausnar verkefni eftir ákvörðun skólastjóra. Noti nemandi óleyfileg hjálpargögn, veiti eða þiggi hjálp, hefur hann fyrirgert rétti sínum til prófs í það sinn.

35. gr.

Einkunnir skal gefa í heilum tölum frá 1—10. Þó skal gefa einkunnina 0 fyrir mjög lélega frammistöðu.

36. gr.

Fullnaðareinkunn er vegið meðaltal allra samantaldra einkunna. Til þess að nemandi standist próf, má fullnaðareinkunn hans úr hverjum bekk fyrir sig ekki vera lægri en 5. Þó stenst enginn próf, sem fær minna en 3 í nokkurri námsgrein.

Fullnaðareinkunnir	9.0—10.0	teljast	ágætiseinkunn
—	7.3— 8.9	—	1. aðaleinkunn
—	6.0— 7.2	—	2. —
—	5.0— 5.9	—	3. —

37. gr.

Nemandi, sem ekki hefur staðist próf í 1 eða 2 námsgreinum, á rétt á því að þreyta prófið í þeim námsgreinum að nýju, en við útreikning á meðaleinkuninni gildir sú einkunn, sem fyrst var gefin. Hafi nemandinn ekki náð lágmarkseinkunn í 3 eða fleiri námsgreinum hefur hann ekki staðist viðkomandi bekkjarpróf. Hljóti nemandinn einkunnina 0 í einhverju fagi, útilokar það bekkjarpróf.

38. gr.

Að afloknum prófum skal afhenda nemendum þeim, sem hafa staðist þau, prófskírteini með árituðum einkunnum og vægjum fyrir hverja námsgrein, meðaleinkunn úr hverjum bekk og fullnaðareinkunn. Prófskírteini þetta veitir rétt til þess að nota titilinn búfræðikandidat (B. Sc.).

39. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar prófdómendur, að fengnum tillögum prófnefndar, til að dæma um úrlausnir nemenda í prófunum.

40. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þrjá menn í prófnefnd. Verkefni nefndarinnar er að samþykkja prófverkefni þau, sem nemendur fá til úrlausnar í prófum. Enn fremur ber nefndinni að gera tillögur til ráðherra um val á prófdómendum. Leggja skal námsskrá fyrir prófnefndina.

41. gr.

Starfrækja skal í sambandi við Búvísindadeild fræðilegt bókasafn, einkum varðandi landbúnaðarmál. Skal það vera kennurum og nemendum til afnota, svo og eftir því sem ástæður leyfa, fyrir sérfræðinga á sviði landbúnaðarins. Það er hlutverk deildarinnar að koma á framfæri efni úr ritum þessum, sem haft getur þýðingu fyrir bændur og leiðbeinendur þeirra.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 55 20. apríl 1963, um bændaskóla, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 115 25. maí 1965, um sama efni.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. nóvember 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Guðmundur Sigþórsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Laugaráss í Biskupstungum.

1. gr.

Hitaveita Laugaráss sér um dreifingu á heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð og innheimtir gjald fyrir það eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur þeim húsum, sem tengd eru veitukerfum hennar, í té heitt vatn, er ætla má að nægi til hitunar, enda séu hitakerfi nógu stór að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitunni er þó skylt, sé þess óskað, að sjá ábúendum jarðarinnar Laugaráss fyrir því vatnsmagni, sem ákveðið er í samningum þeirra við stjórnarnefnd Laugaráss-héraðs.

3. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins greiðast þannig á ári:

1. Eftir vatnsmagni kr. 48 000 sekl. Sé vatnið notað eingöngu til búreksturs skal ekki frekara gjalds krafist.
2. Fasteignagjöld:
 - a. Af íbúðarhúsum kr. 54.00 pr. rúmm. á ári.
 - b. Af verkstæðis- og iðnaðarhúsum kr. 36.00 pr. rúmm. á ári.
3. Lágmarksgjald skal þó ekki vera minna en kr. 24.000 fyrir hvern notanda á ári.
4. Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa.
5. Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota en að framan greinir ákveður stjórnarnefnd Laugaráss-héraðs hverju sinni að fenginni heimild ráðuneytisins.
6. Full hitaveitugjöld skal greiða frá þeim tíma að umsókn hefur komið fram um aðild að hitaveitunni og umsækjandi á kost á tengingu heimæðar frá stofnæð eða síðustu greiningu dreifiaðar.

4. gr.

Stofngjöld skulu vera sem hér segir:

1. Af dældum sekl. kr. 48 000.00.
2. Af íbúðarhúsum kr. 54.00 pr. rúmm.
3. Af iðnaðar- og verkstæðishúsum kr. 36.00 pr. rúmm.
4. Lágmarksgjald skal þó ekki vera minna en kr. 24 000.
5. Stofngjöld greiðist þegar umsækjandi á kost á tengingu heimæðar sbr. 3. gr. 6. málslið.